

## Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

## Dalasýslu

frá miðju maímánaðar 1888 til sama tíma 1889.

25

29. febr.

		I peningum		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr. 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum á	91	06	91	06	76
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembðar, í fardögum . . . . . hver á	12	01	72	06	60
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . .	13	97	83	82	70
4.	— 8 — tvævetrir . . . . .	11	89	95	12	79
5.	— 12 — veturgamlir . . . . .	8	99	107	88	90
6.	— 8 ær geldar . . . . .	10	76	86	08	72
7.	— 10 — mylkar . . . . .	8	04	80	40	67
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum . . . . . á	45	»	45	»	38
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri . . . . . hver -	35	56	47	41	40
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr. 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, pundið á	»	60	72	»	60
11.	— 120 — — mislítri ullu, vel þveginni — -	»	45	54	»	45
12.	— 120 — — smjöri, vel verkuðu . . . . .	»	57	68	40	57
13.	— 120 — — tólg, vel bræddri . . . . .	»	37	44	40	37
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr. 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . . . pundið á	1	45	43	50	36
15.	— 60 þór eingirnissokka . . . . . parið -	»	80	48	»	40
16.	— 30 — tvíbands-gjaldsokka . . . . .	1	51	45	30	38
17.	— 180 — sjóvetlinga . . . . .	»	34	61	20	51
18.	— 20 — eingirnipeysur . . . . . hver -	3	67	73	40	61
19.	— 15 — tvíbands-gjaldpeysur . . . . .	5	63	84	45	70
20.	— 120 áln. gjaldvoðarvaðmáls, álnar breiðs, 1 alin -	1	38	165	60	138
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar, 1 — -	»	98	117	60	98
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr. 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	9	25	55	50	46
23.	— 6 — — harðfiski — — — -	12	02	72	12	60
24.	— 6 — — þyrsklingi — — — -	11	»	66	»	55
25.	— 6 — — ýsu, hertri . . . . .	10	10	60	60	51
26.	— 6 — — hákarli, hertum . . . . .	10	21	61	26	51
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr. 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . . 8 pottar á	2	17	32	55	27
28.	— 1 — — hákarlslýsis . . . . .	2	03	30	45	25
29.	— 1 — — selslýsis . . . . .	1	89	28	35	24
30.	— 1 — — þorskalýsis . . . . .	1	59	23	85	20
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr. 4 fjórðungar nautsinnis . . . . . 10 pund á	15	66	62	64	52
32.	— 6 — — kýrsinnis . . . . .	13	48	80	88	67
33.	— 6 — — hrosssinnis . . . . .	10	27	61	62	52
34.	— 8 — — sauðsinnis, af tvævetrum og eldri . . . . .	7	04	56	32	47

25 29. febr.		Í peningum		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
35.	1 hndr. 12 fjórðungar sauðskinnis, af veturgömlum og ám . . . . . 10 pund á	5	21	62	52	52
36.	— 6 — selskinns . . . . . — — -	9	53	57	18	48
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . . hvert -	»	23	55	20	46
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	15	70	94	20	79
39.	— 40 — — óhreinsuðum . . . . . — -	»	»	»	»	»
40.	— 120 — — fuglafiðri . . . . . 10 pund -	5	50	66	»	55
41.	— 480 — — fjallagrösom . . . . . — — -	1	66	79	68	66
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . .	2	55	61	20	51
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	4	96	119	04	99
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður :						
<i>Eptir A. eða í friðu</i> .....				78	76	66
— B. — - ullu, smjöri og tolg.....				59	70	50
— C. — - ullar-tóvöru .....				79	88	67
— D. — - fiski .....				63	10	53
— E. — - ljúsi .....				28	80	24
— F. — - skinna-vöru .....				62	34	52
En meðalverð allra landaura samantalið.....				372	58	312
og skipt með 6, sýnir :						
<b>meðalverð allra meðalverða</b>				<b>62</b>	<b>10</b>	<b>52</b>

Reykjavík 29. dag febrúarmán. 1888.

*E. Th. Jónassen. P. Pjetursson.*

26  
9. jan.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvíkjandi þingsályktun um lán til byggingar Garðskirkju. — Með þóknanlegu brjefi, 28. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta alþingi, þar sem skorað er á stjórnina, að veita söfnuðinum í Garðssókní Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 600 kr. lán úr landssjóði með 4% vöxtum og 15 ára afborgun, til þess að ljúka við bygging Garðskirkju. Þjer hafið skýrt svo frá málavöxtum, að söfnuðurinn hafi tekið að sjer kirkjuna samkvæmt lögum 12. maí 1882 og hafi kirkjan verið svo hrörleg, að strax hafi orðið að rífa hana og byggja af nýju, en þar sem söfnuðurinn ekki var fær um að leggja út fje það, er til þessa þurfti, hafi hann sent bænarskrá til alþingis með meðmælum stiptyfirvaldanna um 1200 kr. lán úr landssjóði og sje þingsályktunin af þeim rótum runnin. Um leið og þjer getið þess, að árstekjur kirkjunnar nemi um 90 kr., hafið þjer lagt til, að þingsályktunin verði tekin til greina.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg veiti yður hjer með heimild til að veita Garðssókn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 600 kr. lán úr landssjóði með kjörum þeim, sem stungið er upp á í þingsályktun þeirri, sem hjer er um að ræða.

#### LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

25. febr. var sóknarprestinum að Klyppsstað, sjera Finni Þorsteinssyni, veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum, sakir ellilasleika, með eptirlaunum.